



**99. fundur Umhverfis- og framkvæmdaráðs Múlaþings
haldinn í fjarfundi, mánudaginn 6. nóvember 2023
og hófst hann kl. 08:30**

Fundinn sátu:

Jónína Brynjólfsdóttir formaður, Þórhallur Borgarson varaformaður, Björgvin Stefán Pétursson aðalmaður, Ásdís Hafrún Benediktsdóttir aðalmaður, Eiður Gísli Guðmundsson aðalmaður, Ásrún Mjöll Stefánsdóttir aðalmaður, Þórunn Hrund Óladóttir varamaður, Hannes Karl Hilmarsson áheyrnarfulltrúi, Hugrún Hjálmarsdóttir framkvæmda- og umhverfismálastjóri, Sóley Valdimarsdóttir starfsmaður og Sigurður Jónsson skipulagsfulltrúi.

Fundargerð ritaði: Sóley Valdimarsdóttir, verkefnastjóri skipulagsmála

Skipulagsfulltrúi sat fundinn undir liðum nr. 1-6.

Dagskrá:

1. 202308090 - Aðalskipulagsbreyting, Gilsárvirkjun

Við upphaf máls vöktu ÞB og ÁHB máls á vanhæfi sínu við afgreiðslu málsins. Formaður úrskurðaði um augljóst vanhæfi ÞB og ÁHB með vísan í fyrri atkvæðagreiðslu um vanhæfi þeirra á 94. fundi umhverfis- og framkvæmdaráðs við sama mál. Véku þau af fundi við umræðu og afgreiðslu málsins. Fyrir umhverfis- og framkvæmdaráði liggur skipulags- og matslýsing, dags. 5. október 2023, vegna breytinga á Aðalskipulagi Fljótsdalshéraðs 2008-2028 og nýs deiliskipulags fyrir vatnsaflsvirkjun í Gilsárdal í Múlaþingi.

Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Umhverfis- og framkvæmdaráð samþykkir að leggja til við sveitarstjórn að fyrirliggjandi skipulags- og matslýsing verði kynnt í samræmi við 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Umhverfis- og framkvæmdaráð bendir þó á bókanir byggðaráðs frá 28. febrúar og sveitarstjórnar frá 15. mars þessa árs en þar kemur fram: Með vísan til bókanar byggðaráðs Múlaþings, dags. 28.02.23, og stjórnar Samtaka stjórnar orkusveitarfélaga, dags. 17.02.23, samþykkir sveitarstjórn Múlaþings að staldra við í skipulagsmálum mögulegra virkjana þar til sanngjörn skipting auðlindarinnar verður fest í lög.

Samþykkt samhljóða.

2. 202304036 - Aðalskipulagsbreyting, Seyðisfjörður, Keilur undir Bjólfi

Auglýsingu tillögu vegna breytinga á Aðalskipulagi Seyðisfjarðarkaupstaðar 2010-2030 vegna varnarkeila norðan Öldugarðs lýkur 6. nóvember. Engar athugasemdir hafa borist.

Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Umhverfis- og framkvæmdaráð samþykkir fyrirliggjandi tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Seyðisfjarðarkaupstaðar 2010-2030 og vísar henni til sveitarstjórnar til staðfestingar.



Samþykkt samhljóða.

3. 202304037 - Deiliskipulagsbreyting, Seyðisfjörður, Keilur undir Bjólfi

Auglýsingu tillögu vegna breytinga á deiliskipulagi snjóflóðavarnargarða undir Bjólfshlíðum vegna varnarkeila norðan Öldugarðs lýkur 6. nóvember. Engar athugasemdir hafa borist.

Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Umhverfis- og framkvæmdaráð samþykkir fyrirbyggjandi tillögu að breytingu á deiliskipulagi snjóflóðavarnargarða undir Bjólfshlíðum vegna varnarkeila norðan Öldugarðs og vísar henni til heimastjórnar Seyðisfjarðar til staðfestingar.

Samþykkt samhljóða.

4. 202306091 - Deiliskipulagsbreyting, Dalsel 1

Máli frestað til næsta fundar.

5. 202308036 - Umsókn um lóð, Lónsleira 11

Í upphafi vakti JB máls á mögulegu vanhæfi sínu sem safnstjóri Tæknimínjasafns Austurlands sem er lóðarhafi aðliggjandi lóðar. Tillaga um vanhæfi var borin upp og tillagan var samþykkt samhljóða. JB vék af fundi við umfjöllun og afgreiðslu málsins.

Fyrir umhverfis- og framkvæmdaráði liggur umsókn frá Jóhanni Emilssyni um lóðina Lónsleira 11 á Seyðifirði. Umsækjandi uppfyllir ekki hæfnisskilyrði sem sett eru fram í 2. gr. reglna um úthlutun lóða hjá Múlaþingi þar sem hann er búsettur utan EES og liggur fyrir ráðinu að taka afstöðu til undanþágu frá því.

Samhliða lóðumsókn er lögð fram umsókn um breytingu á deiliskipulagi vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar á lóðinni.

Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Umhverfis- og framkvæmdaráð samþykkir undanþágu frá reglum um úthlutun lóða í samræmi við fyrirbyggjandi gögn. Umsækjanda er veitt vilyrði fyrir lóðinni og verður henni úthlutað formlega þegar skipulagsbreyting sem sótt er um samhliða lóðarumsókn hefur tekið gildi.

Umhverfis- og framkvæmdaráð vísar fyrirbyggjandi umsókn um breytingu á deiliskipulagi lóðarinnar til yfirstandandi vinnu við breytingu á gildandi deiliskipulagi svæðisins. Skipulagsfulltrúa falið að vinna málið áfram.

Samþykkt samhljóða.

6. 202309062 - Umsókn um skráningu nýrra landeigna í fasteignaskrá, Eiðar fjarskiptalóð

Fyrir umhverfis- og framkvæmdaráði liggur umsókn um skráningu nýrra landeigna í fasteignaskrá. Stofna á lóð úr landi Eiða jörð (L158058) sem fær heitið Eiðar fjarskiptalóð.



Eftirfarandi tillaga lögð fram:
Umhverfis- og framkvæmdaráð samþykkir umsóknina og felur skipulagsfulltrúa að vinna málið áfram.

Samþykkt samhljóða.

7. 202309111 - Gjaldskrár 2024

Fyrir umhverfis- og framkvæmdaráði liggja tillögur að þremur gjaldskráum fyrir árið 2024. Verkefnastjóri fjármála og verkefnastjóri umhverfismála sitja fundinn undir þessum lið. Um er að ræða eftirfarandi gjaldskrár:

Gjaldskrá skipulags- og byggingarmála í Múlaþingi 2024

Gjaldskrá fyrir hunda- og kattahald í Múlaþingi 2024

Gjaldskrá fyrir meðhöndlun- og förgun úrgangs 2024

Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Umhverfis- og framkvæmdaráð samþykkir fyrirbyggjandi gjaldskrá skipulags- og byggingarmála í Múlaþingi 2024.

Umhverfis- og framkvæmdaráð samþykkir fyrirbyggjandi gjaldskrár fyrir hunda- og kattahald annars vegar og meðhöndlun- og förgun úrgangs 2024 hins vegar, og vísar þeim til afgreiðslu sveitarstjórnar.

Samþykkt samhljóða.

Gestir

Vordís Jónsdóttir - 09:30

Stefán Aspar Stefánsson - 09:30

8. 202101232 - Afslættir af gatnagerðargjöldum í Múlaþingi

Fyrir umhverfis- og framkvæmdaráði liggja tillögur að afslætti af gatnagerðargjöldum í Múlaþingi fyrir árið 2024.

Verkefnastjóri fjármála á umhverfis- og framkvæmdasviði situr fundinn undir þessum lið.

Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Umhverfis- og framkvæmdaráð samþykkir fyrirbyggjandi tillögur um afslætti af gatnagerðargjöldum fyrir árið 2024.

Samþykkt samhljóða.

Gestir

Vordís Jónsdóttir - 11:10

9. 202309071 - Hleðslustöðvar í Múlaþingi

Fyrir umhverfis- og framkvæmdaráði liggur minnisblað um hleðslustöðvar í Múlaþingi.

Verkefnastjóri fjármála á umhverfis- og framkvæmdasviði situr fundinn undir þessum lið.



Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Umhverfis- og framkvæmdaráð felur framkvæmda- og umhverfismálastjóra að vinna að nánari útfærslu og drög að stefnumótun í samræmi við umræður á fundinum.

Samþykkt samhljóða.

Gestir

Vordís Jónsdóttir - 11:15

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 12:00

